



Kópavogsbær

**Verklagsreglur vegna
gruns um ofbeldi,
vanrækslu eða
áhættuhegðun barna í
stofnunum
Kópavogsbæjar**

Vinnulýsing nr.	Vls070
Gildissvið	Allar stofnanir
Ábyrgðarsvið	Mennta- og velferðarsvið
Höfundur	Sigurlaug Bjarnadóttir, Ragnheiður Hermannsdóttir, Anna Eygló Karlsdóttir
Útgáfa	3
Samþ. dags	4. október 2021
Blaðsíða	1-5

Tilgangur og umfang

Tilgangur er að skrá hvaða skref er nauðsynlegt að taka til að tryggja að rétt sé staðið að viðbrögðum þegar grunur vaknar innan stofnana bæjarins um að barn hafi orðið fyrir ofbeldi* eða vanrækslu eða sýni áhættuhegðun. Markmið vinnulýsingar er að setja reglur um verlag og viðbrögð við aðstæðum sem upp kunna að koma og varða við barnaverndarlög 80/2002, lög um grunnskóla 91/2008, lög um leikskóla 90/2008 og/eða almenn hegningarlög 19/1940.

Vinnulýsing þessi tekur til dagforeldra, leikskóla, grunnskóla, frístundaúrræða, félagsmiðstöðva, íþróttamannvirkja, bókasafna, vinnuskóla og annarra stofnana á vegum bæjarins þar sem börn dvelja eða sækja þjónustu.

Ábyrgð:

Í stofnunum Kópavogsbæjar er vanræksla, líkamlegt, andlegt og kynferðislegt ofbeldi eða annars konar óviðeigandi hegðun ekki liðið gagnvart börnum. Ef grunur vaknar um slíkt skulu stofnanir bregðast strax við og fylgja eftirfarandi verklagsreglum.

Samkvæmt barnaverndarlögum er öllum skylt að tilkynna til barnaverndarnefndar ef þeir hafa ástæðu til að ætla að barn:

- búi við óviðunandi uppeldisaðstæður,
- verði fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi eða
- stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu.

Þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hafa afskipti af málum barna er einnig skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna eftir því sem við verður komið og tilkynna til barnaverndar sé ástæða til.

Sviðstjórar mennta- og velferðarsviðs bera ábyrgð á að vinnulýsing þessi lýsi því með réttum hætti hvernig rétt sé staðið að viðbrögðum þegar grunur vaknar innan stofnana bæjarins um að barn hafi orðið fyrir ofbeldi eða vanrækslu eða sýni áhættuhegðun. Þá bera þeir ábyrgð á að eftirfarandi verklagsreglur séu kynntar öllum starfsmönnum stofnana sem koma að málefnum barna og ganga eftir að þeim sé framfylgt.

Deildarstjórar fagsviða Kópavogsbæjar skulu tryggja að eftirfarandi verklagsreglur séu kynntar stjórnendum stofnana sviðsins og að eftir þeim sé farið ef einhverjar aðstæður koma upp sem reglurnar fjalla um.

Stjórnendur stofnana bera ábyrgð á að kynna verklagsreglurnar fyrir starfsmönnum sínum og sjá til þess að eftir þeim sé farið ef einhverjar aðstæður koma upp sem reglurnar fjalla um.

Starfsmenn stofnana eru ábyrgir fyrir að tilkynna til stjórnanda sérhvert tilvik er fellur undir reglur þessar og fara eftir neðangreindri vinnulýsingu í hvívetna við störf sín.

Lýsing:

1. Þegar upp kemur grunur um ofbeldi*, vanrækslu eða áhættu hegðun barns skal tilkynna það án tafar til stjórnanda stofnunar.

Starfsmönnum stofnana er skylt að tilkynna til stjórnanda ef grunur leikur á að:

- barn hafi verið beitt ofbeldi (gerandi óþekktur).
- foreldri eða aðrir aðstandendur hafi beitt barn ofbeldi eða vanrækslu.
- barn hegði sér á einhvern hátt sem skaðar eða er líklegt að skaða heilsu þess og þroska.
- barn hafi beitt ofbeldi* og ekki tekst að leysa úr málinu, eða ofbeldið er mjög alvarlegt, t.d. sjáanlegir áverkar, notuð vopn og endurtekið ofbeldi.
- starfsmaður hafi beitt barn ofbeldi eða atferli starfsmanns sé stórlega ábótavant, sbr. 35. gr. barnaverndarlaga.

Ef stjórnandi er grunaður um ofbeldi gagnvart barni skal tilkynna það til yfirmanns á viðeigandi fagsviði. Þegar grunur leikur á að starfsmaður hafi beitt barn ofbeldi fylgir stjórnandi stofnunar verklagi um [málsmeðferð gagnvart starfsmanni vegna gruns um brot gagnvart barni](#).

Ef barn leitar til starfsmanns og gefur í skyn að ofbeldi eða vanræksla eigi sér stað inni á heimili þess eða annars staðar er mikilvægt að starfsmaður sýni viðeigandi framkomu. Starfsmaður þarf að átta sig á að barnið sýnir honum mikið traust. Honum ber að halda ró sinni og gæta að réttum viðbrögðum. Mikilvægt er að hlusta á það sem barnið segir og leyfa því að tala án þess að trufla frásögn þess. Ef barnið vill ekki tjá sig meira á ekki að beita það þrýstingi. Segja verður barni að réttir aðilar þurfi að vita hvað gerðist svo hægt sé að hjálpa því.

Ef um er að ræða grun um ofbeldi, kynferðislegt eða líkamlegt, er mikilvægt að hlusta á barnið og taka við þeim upplýsingum sem það gefur án þess að spyrja leiðandi spurninga. Leiðandi spurningar geta haft áhrif á framvindu máls hjá barnavernd og lögreglu.

Mikilvægt er að starfsmaður sýni varfærni í samræðum við barn og fylgi málinu eftir í réttan farveg.

Sé barn með sýnilega áverka eða segi frá ofbeldi skal samstundis hafa samband við stjórnanda viðkomandi stofnunar sem hefur samband við Barnavernd Kópavogs.

Ef grunur er um að foreldri eða einstaklingur sem sækir barn í skóla eða stofnun sé undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna skal leita til stjórnanda og vísa viðkomandi inn á skrifstofu stjórnanda í samtal. Þar á að láta viðkomandi vita að starfsfólk gruni hann um að vera undir áhrifum áfengis eða vímuefna og ekki sé rétt að hann fari með barnið. Koma skal í veg fyrir að viðkomandi fari með barn af vettvangi ef talið er að barninu sé hættu búin. Stjórnandi hringir í lögreglu í síma 112 og óskar eftir aðstoð ef þörf er á. Stjórnandi tilkynnir málið til Barnaverndar Kópavogs í síma 441-0000 og utan dagvinnutíma í síma 112.

Starfsmenn eru bundnir trúnaðarskyldu varðandi allar upplýsingar sem þeir fá.

2. Stjórnandi stofnunar metur hvort ástand, líðan eða umönnun barns sé þannig hátt að tilkynna eigi um það til barnaverndar þar sem barnið býr. Tilkynna skal um grun, ekki aðeins staðfestar sannanir. Það er síðan barnavernd sem metur hvort grunur sé nægilega rökstuddur og tekur ákvörðun um könnun í framhaldi af því.

Stjórnandi stofnunar tekur ákvörðun um tilkynningu eins fljótt og hægt er eftir atvikum að loknum fundi með foreldrum (forsjáraðilum). Upplýsa skal foreldra ef tilkynna á til barnaverndar nema þegar grunur er um að barn búi við ofbeldi af hálfu foreldra, sjá nánar í lið 4 og 5.

Í tilvikum þar sem vanræksla eða áhættu hegðun barns hefur varað í lengri tíma og ekki batnað, þrátt fyrir ábendingar starfsfólks til foreldra, skal tilkynna málið til barnaverndar.

Þegar mál er tilkynnt til barnaverndar skal nota sérstök eyðublað sem finna má [hér](#). Unnt er að leita ráðgjafar hjá fagsviði og barnavernd ef þörf er á áður en mál er tilkynnt.

Hver stofnun þarf að hafa ákveðið verklag um hvernig tilkynnt er til barnaverndar og hver gerir það. Fyrirkomulagið sem valið er þarf að vera til þess fallið að tilkynningu sé komið á framfæri eins fljótt og unnt er. Mikilvægt er að þetta verklag sé öllum starfsmönnum stofnunarinnar ljóst og er það á ábyrgð stjórnanda.

Gert er ráð fyrir að tilkynnt sé í nafni stofnunarinnar og að tilkynningin sé á ábyrgð hennar en ekki einstakra starfsmanna. Stofnunin nýtur ekki nafnleyndar.

3. Í öllum tilfellum þarf að gæta þess að ferli máls sé skráð strax frá upphafi sjá [skráningarblað \(Ebl nr.xx\)](#).
4. Stjórnandi stofnunar skal boða foreldra barns í viðtal, nema ef foreldrar eru taldir gerendur ofbeldis. Boða skal viðtalið að jafnaði samdægurs og foreldrar upplýstir um málið og næstu skref. Ávallt skulu tveir starfsmenn sitja fundinn.

Að jafnaði skal láta foreldra vita þegar send er tilkynning til barnaverndar og gera þeim grein fyrir að starfsmenn séu að fylgja lagaskyldu um að tilkynna grun um vanrækslu eða ofbeldi til barnaverndar. Í samtali við foreldra þarf að koma fram að málið snúist um velferð barnsins og stuðning við það og fjölskyldu þess fremur en ásökun í þeirra garð og að markmiðið sé að leita lausna og veita viðeigandi stuðning.

Þegar um er að ræða mál, sem ekki hefur verið tilkynnt til barnaverndar s.s. vegna ofbeldis milli tveggja barna, skal leitast við að stöðva ofbeldið í samvinnu við foreldra. Þegar grunur er um vanrækslu skal leggja áherslu á úrbætur. Takist ekki að stöðva ofbeldi eða bæta úr vanrækslu skal stjórnandi á ný leggja mat á hvort tilkynna beri til barnaverndar.

5. Þegar grunur hefur vaknað um að barn búi við ofbeldi á heimili sínu, hvort heldur sem er líkamlegt eða kynferðislegt skal hafa beint samband við barnavernd án þess að upplýsa foreldra um það. Ástæðan er sú að búi barn með einhverjum sem beittir ofbeldi getur verið hættu á að barnið verði beitt enn meira ofbeldi eða hótunum ef viðkomandi veit að tilkynnt hefur verið til barnaverndar. Í sumum tilvikum sæta þessi mál einnig lögreglurannsókn og mikilvægt er að meintur gerandi fái ekki tækifæri til að hafa áhrif á framburð barnsins. Barnavernd hefur enn fremur heimild til þess að tala við barn án vitneskju foreldra þegar það er nauðsynlegt til að rannsaka mál. Því er mikilvægt að ekki sé fundað með foreldrum þegar um er að ræða mál sem þarf að rannsaka, s.s. þegar foreldrar eru grunaðir um ofbeldi eða aðra vanvirðandi háttsemi.
6. Þegar mál er tilkynnt barnavernd kannar nefndin málið og sér um rannsókn þess. Mikilvægt er þó að vinnsla málsins haldi að öðru leyti áfram innan stofnunarinnar, s.s. stuðningur og eftirfylgni. Barnavernd er skylt að staðfesta við tilkynnanda að tilkynning hafi borist og gefa almennar upplýsingar um málsmeðferð vegna tilkynninga. Öllum þeim sem stöðu sinnar vegna hafa afskipti af málefnum barna er skylt að hafa samstarf við barnaverndaryfirvöld og skulu þau leitast við að eiga gott samstarf við þessa sömu aðila.
7. Skylt er að huga vel að eftirfylgni mála innan stofnunnar. Veita skal þolanda, geranda og öðrum stuðning eftir þörfum. Ákveðið teymi innan stofnunar á að bera ábyrgð á velferð barns (t.d. nemendaverndarráð, áfalla- eða lausnateymi).

Stjórnandi stofnunar hefur samráð við fagsvið og/eða barnavernd eftir þörfum um eftirfylgni með barninu. Almenn skal bjóða barni aðstoð sérfræðinga. Tryggja þarf ráðgjöf og stuðning við hópa barna, s.s. bekkjarfélaga, vini, þá sem hafa orðið vitni að ofbeldi, þegar upp koma erfið mál. Einnig þarf að huga að stuðningi við starfsmenn og foreldra. Gæta skal að samskiptum eða samveru milli barna þegar grunur leikur á að barn hafi beitt annað barn ofbeldi.

8. Verklagsreglur þessar ásamt bæklingi skulu endurskoðaðar að vori annað hvert ár og ný útgáfa kynnt öllum stjórnendum stofnana. Deildarstjórar leikskóla- og grunnskóladeildar

ásamt deildarstjóra barnaverndar bera ábyrgð á endurskoðun reglnanna og bæklinga. Kynningar fara fram að hausti á reglubundnum fundum stjórnenda stofnana eða þeim vettvangi sem best hentar hverri stofnun.

Á ári hverju í tengslum við kynningar á tilkynningarhóppum barnaverndar kynna stjórnendur verklagsreglurnar, bæklinginn og verklag stofnunarinnar sjálfir hvað varðar tilkynningar til barnaverndar fyrir öllum starfsmönnum og skal bæklingurinn vera aðgengilegur á kaffistofum, biðstofum eða annarsstaðar sem við á. Bæklingur skal einnig vera uppfærður og aðgengilegur á heimasíðu Kópavogsbæjar sem og heimasíðum einstakra stofnana.

Skilgreiningar:

Barnaverndarmál eru oft flokkuð í þrjá meginflokka sem eru: vanræksla, ofbeldi og áhættuhegðun barna. Oft eru mörkin óljós milli flokka. Gott er að hafa í huga að oft er það ekki eitt tilvik eða atriði sem vekur áhyggjur starfsmanns. Oft eru það fleiri þættir og tilfinning fyrir líðan barns sem vekur áhyggjur. Þegar um vafamál er að ræða er unnt að hringja í Barnavernd Kópavogs og ræða málið nafnlaust og í framhaldi af því taka ákvörðun um hvort tilkynna eigi um málið eða ekki.

Eftirfarandi lista má hafa til hliðsjónar til að hjálpa starfsmanni að glöggva sig á líðan og ástandi barnsins. Mikilvægt er að hafa í huga að listinn er ekki tæmandi.

Vanræksla

Vanræksla getur verið bæði tilfinningaleg og líkamleg. Hún getur falist í því að barn fái ekki þá umönnun og aðbúnað sem því er nauðsynlegt og getur skaðað þroska þess. Vanræksla getur hafist strax í móðurkviði. Að öllu jöfnu telst það ekki vanræksla þegar þörfum barns er ekki sinnt nógu vel í einstaka skipti. Þegar umönnun barns er endurtekið ábótavant flokkast það sem vanræksla.

- Vanræksla getur falist í því að barn fái ekki líkamlegum þáttum fullnægt vegna sinnuleysis foreldra. Til dæmis að ekki sé hugað að því að barn fái nauðsynlega heilbrigðisþjónustu.
- Vanræksla getur varðað umsjón og eftirlit barnsins. Til dæmis að barn sé skilið eftir eitt og eftirlitslaust án þess að hafa til þess aldur eða þroska.
- Vanræksla getur stafað af því að foreldrar séu ófærir um að sinna þörfum barnsins vegna áfengis- eða vímuefnaneyslu.
- Vanræksla getur varðað skólagöngu barns. Að barn komi ítrekað í skólann án nauðsynlegra áhaldna eða fatnaðar og ábendingar til foreldra um það bera engan árangur.

Ofbeldi

Ofbeldi getur verið líkamlegt, tilfinningalegt, kynferðislegt og/ eða að líf og heilsu ófæddis barns sé stefnt í hættu.

Líkamlegt ofbeldi

Líkamlegt ofbeldi gagnvart barni er ofbeldi sem leiðir til þess að barnið skaðast eða er líklegt til þess. Barn getur borið merki ofbeldis með til dæmis marbletti, skrámu, brunasári eða beinbroti en ummerki eru þó ekki alltaf sjáanleg. Líkamlegt ofbeldi getur m.a. falist í því að barn sé slegið, hrist, því hent til, rassskellt eða viljandi gefin hættuleg lyf eða annað sem skaðað getur það.

Tilfinningalegt ofbeldi

Oft er erfitt að greina tilfinningalegt ofbeldi en það getur engu að síður haft mjög alvarlegar afleiðingar. Tilfinningalegt ofbeldi gagnvart barni felur í sér að foreldrar eða aðrir umönnunaraðilar sýna barni viðvarandi neikvætt viðhorf og neikvæðar tilfinningar sem eyðileggur eða hindrar þróun jákvæðrar sjálfsímeyndar barns. Einnig er það skilgreint sem tilfinningalegt ofbeldi þegar barn eða ungmenni verður vitni að ofbeldi milli foreldra sinna.

- Tilfinningalegt ofbeldi getur falist í viðhorfi eða hegðun sem segir að barnið sé einskis vert, engum þyki vænt um það eða enginn vilji sjá það.
- Tilfinningalegt ofbeldi getur falist í algjöru aðgerðarleysi eins og að sýna barninu engar tilfinningar.
- Tilfinningalegt ofbeldi á sér stað þegar barn er móðgað, kallað ónöfnum eða komið er fram við það á ómanneskjulegan eða niðrandi hátt.

Kynferðislegt ofbeldi

Kynferðislegt ofbeldi felur í sér að kynferðislegum athöfnum, orðum eða myndum er beint að barni. Það getur átt sér stað milli fullorðins einstaklings og barns eða milli tveggja barna þar sem annar einstaklingur hefur vald yfir hinum.

Kynferðislegt ofbeldi getur til dæmis falist í:

- Að barn sé látið horfa á klámefni eða kynfæri eða myndir teknar af barni í þeim tilgangi að örva kynferðislega.
- Að þuklað sé á kynfærum barns eða barn látið þukla á kynfærum einhvers.
- Kynferðislegum myndum, orðum og samræðum á samfélagsmiðlum.
- Kynmökum við barn.

Áhættuhegðun barns

Áhættuhegðun barns felur í sér að barn hegðar sér á einhvern hátt sem skaðar eða er líklegt til að skaða heilsu þess og þroska. Áhættuhegðun barns getur falist í:

- Neyslu áfengis eða vímuefna.
- Að barn skaði sjálft sig með því að veita sér áverka.
- Að barn beiti aðra ofbeldi.
- Erfiðleikum barns í skóla þrátt fyrir aðhald foreldra.
- Að barn stundi afbrot t.d. skemmdarverk eða fari ekki eftir lögbundnum útivistartíma barna.